



# HÚSREGLUR

Félagsheimili KKA var gert sumarið 2005 með það í huga að bæta og efla félagsstarf KKA. Nú þegar er búið að leggja mikla peninga og gríðarlegt vinnuframlag í það að gera aðstöðuna góða.

Auðvitað er mikið eftir ennþá en aðstaðan er samt vel orðin nothæf og hvetjum við félagsmenn til að nýta aðstöðuna eins mikið og hægt.

## **Til að tryggja góða umgengni og samstillt starf þá hafa eftirfarandi umgengisreglur verið settar fyrir félagsaðstöðunni:**

- 1) Umgengni um félagsheimilið skal ávalt vera hverjum til sóma og miðað sé við að hver sá sem notar aðstöðuna skilji við hana eins og að henni var komið eða betri.
- 2) Ávalt skal tryggja þegar húsið er yfirgefið að dyr séu læstar, ljós slökkt, slökkt á helluborði, kaffikönnu og öðrum rafmangstækjum. Skrúfað skal fyrir allt vatn.
- 3) Crossskór (eða skítugir skór) skulu undantekningarlaust skildir eftir á mottu eða utan dyra, það er stranglega bannað að fara inn í húsið á crosskóm eða sambærilgum skóm.
- 4) Ef menn eru að geyma og borða nestið sitt eða mat verða menn að ganga frá eftir sig og henda matarleifum og pokum.
- 5) Stranglega er bannað að geyma bensín í húsinu (það má hins vegar geyma í geymslugámnum).
- 6) Bannað er að aka inn á sólpallinn við húsið, hjól skulu geymd og þrífín vestan við húsið þar sem búið er að koma upp vatnsslöngu.
- 7) Þegar helt er upp á kaffi, skal sá hinn sami þrifa kaffikönnu og annan búnað áður en viðkomandi yfirgefur staðinn.
- 8) Til að fá aðgang að félagsheimili til nefndarfunda (starfa) skal haft samband við formann húsnefndar og bóka fundi í húsinu til að forðast tvíbókanir og árekstra.
- 9) Námskeiðshald og aðrar samkomur þarf að panta hjá húsnefnd. (húsið leigt undir slíka starfssemi þegar um utanfélagsaðila er að ræða)
- 10) Umgengni um félagsheimili, geymslu og aðrar eigur KKA skal vera til fyrirmyndar og góð. Ævinlega á að skilja sómasamlega eftir notkun.
- 11) Allur akstur á sólpalli og á grónu svæði umhverfis félagsheimili er stranglega bannaður.
- 12) Halda skal gestabók og hún geymd utan á húsinu í kassa sem allir hafa aðganga að sem koma á svæðið.
- 13) Fundargerðarbók skal vera til í húsinu þar sem nefndir og stjórnir bóka fundi og hverjir mættir eru.